

Sveitarfélögin á Vesturlandi og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa sent forsætisráðherra bréf vegna þess neyðarástands sem hefur verið í vegamálum undanfarið. Í erindinu kemur fram að óskað er eftir fundi sem fyrst með forsætisráðherra og viðkomandi fagraðherrum um skipan viðbragðshóps um aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa á Vesturlandi og annarra vegfarenda og ástand veganna skerði ekki atvinnu- og mannlíf á svæðinu.

Erindið til forsætisráðherra má lesa hér: [Vesturland erindi til ríkisstjórnar 18022025](#)

Á fjölmennum fundi Krístrúnar Frostadóttur forsætisráðherra í gærkveldi í Borgarnesi fengu fulltrúar sveitarfélaganna og SSV tækifæri til þess að fylgja erindinu eftir



